

Ársskýrsla Siðanefndar Landspítala 2012

Siðanefnd Landspítala er þverfagleg nefnd sem starfar á ábyrgð framkvæmdastjórnar spítalans skv. lögum um réttindi sjúklinga og skv. reglugerð um vísindarannsóknir á heilbrigðissviði nr. 286/2008. Nefndin veitir leyfi fyrir framkvæmd vísindarannsókna á heilbrigðissviði, sem gerðar eru á sjúkrahúsinu og vísindarannsóknir á heilbrigðissviði, sem gerðar eru í samstarfi Landspítala og Háskóla Íslands eða Háskólans á Akureyri. Óheimilt er að framkvæma vísindarannsókn á mönnum nema hún hafi áður hlotið samþykki siðanefndar.

Alls voru haldnir 17 fundir á árinu 2012. Fjöldi erinda var sem hér segir:

Nýjar umsóknir	54
Viðbætur/breytingar	26
Fyrirspurnir	125
Samtals	205

Yfirlit yfir fjölda nýrra umsókna s.l. 5 ár.

2007	2008	2009	2010	2011	2012
69	93	74	67	64	54

Nýjar umsóknir voru 54 en árið áður voru þær 64. Af nýjum umsóknum voru námsverkefni 23 og 13 meistara og doktorsverkefni. Heilarfjöldi umsókna er talsvert lægri en 2011.

Afgreiðsla umsókna var sem hér segir:

Samþykkt án athugasemda	2
Samþykkt með athugasemdum og skilyrðum	39
Óskar frekari upplýsinga	6
Heyrðu ekki undir nefndina	4
Bíða umfjöllunar	3

Nefndarmönnum var boðið á ársfund Vísindasiðnefndar þann 17. febrúar 2012 þar sem umfjöllunarefnið lög um vísindarannsóknir. Jón Snædal þáverandi varaformaður gerði grein fyrir starfsemi siðanefndar árið 2011.

Skipunartími siðanefndar rann út í lok september og þá ákvað Kristján Steinsson að láta af formennsku eftir 6 ára starf. Jón Snædal var skipaður sem formaður og var Elísabet Guðmundsdóttir valin varaformaður af nefndinni.

Ný nefnd var skipuð í október og er sem hér segir:

Jón G. Snædal yfirlæknir, formaður, tilnefndur af framkvæmdastjórn
-Magnús Haraldsson læknir, varamaður

Sigrún Reykdal læknir, tilnefndur af lækna ráði
- Inga Sigurrós Þráinsdóttir læknir, varamaður

Elísabet Guðmundsdóttir hjúkrunarfræðingur, tilnefnd af hjúkrunarráði
- Anna Ólafía Sigurðardóttir hjúkrunarfræðingur, varamaður

Rúnar Þór Jónsson lögfræðingur, tilnefndur af framkvæmdastjórn
- Oddur Gunnarsson lögfræðingur, varamaður

Eiríkur Örn Arnarson sálfræðingur, tilnefndur fyrir aðrar heilbrigðisstéttir af
framkvæmdastjórn
- Ólöf Ámundadóttir sjúkraþjálfari, varamaður

Helgi Sigurðsson yfirlæknir, tilnefndur af Háskóla Íslands
- Pétur Luðvigsson læknir, varamaður

Bryndís Valsdóttir heimspekingur, tilnefnd af landlæknisembættinu
- Rúnar Vilhjálmsson, varamaður.

Reykjavík, 10. febrúar 2013

Jón G. Snædal, formaður

Jónína Sigurðardóttir, forstöðumaður